

# Námsvísar Blönduskóli

Fag Textílmennt.1-2. bekkur

Kennari Anna Margrét Valgeirsdóttir

Tímalfjöldi á viku: Kennt er í lotum þar sem nemendur koma tvisvar yfir skólaárið í 11 skipti þar sem hvert skipti er tvær kennslustundir u.þ.b. 45 kst á vetri.

Kennsluaðferðir og skipulag

Grunnpættir menntunar

Grunnpáttur	Áherslupættir
Heilbrigði og velferð	Nemendum er kennt að umgangast verkfæri af virðingu.
Jafnrétti	Reynt er að nálgast viðfangsefni þannig að sem flestir geti unnið á eigin forsendum.
Lýðræði og mannréttindi	Viðfangsefnin eru sniðin að þörfum flestra nemenda og reynt að gefa val um úrvinnslu eftir því sem við verður komið og kostur er.
Læsi	Reynt er að láta nemendur prófa sem allra flestar aðferðir og leiðir til úrlausna á viðfangsefnum, þannig að þeir geti skilið lykilhugtök greinarinnar.
Sjálfbærni	Hugtakið sjálfbærni er samtvinnað allri mannlegri tilveru og reynt verður að fletta því inn í viðfangsefni hvenær sem því verður viðkomið. Mikið er unnið með efnivið sem verið er að endurvinnna og alltaf reynt að leita leiða til að minnka sóun eins og kostur er.
Sköpun	Nemendur þurfa alltaf að útfæra viðfangsefnin sín sjálfir og fara eigin leiðir í að búa til þær afurðir sem til verða. Unnið er út frá teikningum nemendanna sjálfra sem síðan enda sem fullbúið verk.

## Áætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið/markmið	Kennslu- / námsaðferðir	Mat
Hugmyndavinna	Myndir og sýnishorn frá kennara.	Að nemandi geti: -útskýrt og sýnt vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd til afurðar,	Nemendur fá hugmyndir frá kennara þar sem netið er hagnýtt t.d. pinterest og aðrar efnisveitur sem að gagni geta komið. Ætlast	Kennari leggur mat á teikningar og áform nemanda í samræmi við hæfniviðmið

		<p>-gert grein fyrir helstu hugtökum sem tengjast viðfangsefni hans,</p> <p>-nýtt helstu miðla til að afla upplýsinga um textíla og textílvinnu</p>	er til að nemendur teikni upp hugmyndir sínar að verkefnum.	
<b>Framkvæmd</b>	Myndir og sýnishorn frá kennara.	<p>-hagnýtt leikni og þekkingu sem hann hefur öðlast til að takast á við fjölbreytt viðfangsefni,</p> <p>-beitt helstu tækni sem námsgreinin býr yfir,</p> <p>-beitt grunnaðferðum og áhöldum greinarinnar</p> <p>-unnið með einföld snið og uppskriftir</p> <p>-þróað eigin hugmyndir í textíverk og unnið eftir ferli</p> <p>-notað fjölbreyttar aðferðir við skreytingar textíla</p>	<p>Hópinnlagnir þegar því er viðkomið t.d. við að taka upp snið, velja efni og fl. Sýniskennsla sem að mestu er einstaklingsbundin og í samræmi við verkefni nemenda.</p> <p>Nemendur munu vinna sauma á saumavél, þæfa, sauma út í höndum og fleira.</p>	Kennari leggur mat á afurð nemandans í samræmi við hæfniviðmið.
<b>Samvinna</b>	Myndir og sýnishorn frá kennara.	-tekið tillit til annarra í hópvinnu og sýnt frumkvæði	Afmörkuð verkefni, helst einu sinni á ári þar sem nemendur vinna saman.	Kennari leggur mat á afurð nemandanna í samræmi við hæfniviðmið.
<b>Frágangur</b>	Myndir og sýnishorn frá kennara.	-sýnt ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði,	Sýnikennsla og hópleiðsögn. Ætlast er til að nemendur gangi sjálfir frá á	Kennari leggur mat á umgengni nemandans í samræmi við hæfniviðmið.

			<p>vinnusvæði, fyrst því sem tilheyrir þeim sjálfum og síðan stofunni þ.a. hún sé tilbúin fyrir næsta hóp.</p> <p>Ætlast er til að nemendur gangi frá afurðunum sínum, t.d. klippi lausa enda og annað sem þörf er á.</p>	<p>Kennari leggur mat á vinnubrögð og skilning nemandans út frá samtölum í samræmi við hæfniviðmið.</p>
<b>Sjálfbærni</b>	<p>Myndir og sýnishorn frá kennara. Fræðsluefni frá kennara, t.d. af neti.</p>	<p>-haft sjálfbærni að leiðarljósi í vinnu sinni,</p> <p>-gert grein fyrir endurnýtingu og efnisveitum</p> <p>-gert grein fyrir eiginleikum náttúru efna og gerviefna</p>	<p>Sjálfbærni er höfð að leiðarljósi í allri vinnu í textílmennt. Mikið er lagt upp úr nýtni og að nota efnivið sem er aflagður. Nemendur fá upplýsingar sem tengjast viðfangs-efnum beint, bæði hvað varðar efnisveitur og nýtni. Nemendur eru fræddir um þann efnivið sem þeir eu að vinna með hverju sinni og hann borin saman við aðra möguleika í efnisnotkun, bæði út frá notagildi og eins eiginleikum.</p>	<p>Kennari leggur mat á skilning nemandans á hugtakinu sjálfbærni og hve vel honum tekst að tileinka sér vinnubrögð með tilliti til sjálfbærni.</p>